



Samandreginn
árshlutareikningur
1. janúar til 30. júní 2014

Landsnet hf.
Gylfaflöt 9
112 Reykjavík

Kt. 580804-2410

Efnisyfirlit

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra	3
Könnunaráritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu	5
Efnahagsreikningur	6
Eiginfjárfirlit	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Hlutverk Landsnets hf. er að annast flutning raforku og kerfisstjórnun samkvæmt ákvæðum III. kafla raforkulaga nr. 65/2003.

Samkvæmt rekstrarreikningi og yfirliti um heildarafkomu nam hagnaður af rekstri félagsins á tímabilinu 1.231 millj. kr. Eigið fé félagsins í lok tímabilsins var 16.678 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi.

Samkvæmt gildandi raforkulögum skal Orkustofnun setja Landsneti hf. tekjumörk. Í lok júní 2014 er ágreiningur um uppgjör tekjumarka félagsins fyrir árin 2006 - 2009. Að auki liggur ekki fyrir ákvörðun um arðsemisviðmið árána 2011, 2012 og 2013, Þetta veldur nokkurri óvissu um afkomu félagsins og fjárhag í lok júní 2014. Vísað er til skýringar 16 um frekari upplýsingar.

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er árshlutareikningur félagsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og er það álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu félagsins 30. júní 2014 og rekstrarafkomu þess og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2014.

Jafnframt er það álit okkar að árshlutareikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra geymi glögg yfirlit um þróun og árangur í rekstri félagsins, stöðu þess og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem félagið býr við.

Stjórn og forstjóri Landsnets hf. hafa í dag rætt árshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2014 og staðfest hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 7. ágúst 2014.

Stjórn félagsins:

Geir A. Gunnlaugsson
Svava Bjarnadóttir
Ómar Benediktsson

Forstjóri:

Þórður Guðmundsson

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Landsnets hf.

Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn árshlutareikning Landsnets hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2014 sem hefur að geyma rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjárfirlit, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Stjórnendur félagsins eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við alþjóðlegan staðal um árshlutareikninga, IAS 34. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn og er byggð á könnuninni.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, um *Könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum*. Könnun árshlutareiknings felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum, ásamt greiningum og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn víðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit á árshlutareikningnum.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til þess að meðfylgjandi samandreginn árshlutareikningur sé ekki í öllum meginatriðum í samræmi við IAS 34 *Árshlutareikningar*.

Reykjavík, 7. ágúst 2014.

KPMG ehf.

Sæmundur Valdimarsson

Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu

1. janúar til 30. júní 2014

	Skýr.	1.1.-30.6.2014	1.1.-30.6.2013
Rekstrartekjur			
Tekjur af raforkuflutningi	5,6	6.888.934	6.985.000
Aðrar tekjur		56.095	79.797
		<u>6.945.029</u>	<u>7.064.797</u>
Rekstrargjöld			
Orkukaup og kerfisþjónusta	7	900.478	744.857
Rekstur flutningskerfis	8	1.906.244	1.768.145
Kerfisstjórn	8	508.399	469.585
Annar rekstrarkostnaður	8	538.051	473.545
		<u>3.853.172</u>	<u>3.456.132</u>
Rekstrarhagnaður		3.091.857	3.608.665
Fjármunatekjur		94.885	309.623
Fjármagnsgjöld		(1.660.030)	(2.071.142)
Hrein fjármagnsgjöld	9	<u>(1.565.145)</u>	<u>(1.761.519)</u>
Áhrif hlutdeildarfélags		9.933	10.217
Hagnaður fyrir tekjuskatt		1.536.645	1.857.363
Tekjuskattur	10	<u>(305.342)</u>	<u>(369.429)</u>
Hagnaður og heildarhagnaður tímabilsins		<u>1.231.303</u>	<u>1.487.934</u>
Hagnaður á hlut			
Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hverja krónu hlutafjár		0,21	0,25

Skýringar nr. 1 til 18 eru óaðskiljanlegur hluti þessa árshlutareiknings.

Efnahagsreikningur 30. júní 2014

Eignir	Skýr.	30.6.2014	31.12.2013
Rekstrarfjármunir	11	63.010.910	63.197.621
Flutningsvirki í byggingu	11	1.634.610	1.086.550
Óefnislegar eignir	12	1.497.214	1.392.994
Eignarhlutur í dótturfélagi		500	500
Eignarhlutur í hlutdeildarfélagi		678.839	668.906
Langtímakröfur		17.465	23.286
Fastafjármunir		<u>66.839.538</u>	<u>66.369.857</u>
 Birgðir		 518.510	 519.313
Viðskiptakröfur á móðurfélag	17	638.985	0
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		924.600	567.397
Markaðsverðbréf		435.899	234.344
Handbært fé		8.718.120	9.917.204
Veltufjármunir		<u>11.236.114</u>	<u>11.238.258</u>
Eignir samtals		<u>78.075.652</u>	<u>77.608.115</u>
Eigið fé			
Hlutfé		5.902.733	5.902.733
Endurmatsreikningur		10.749.421	11.027.997
Óráðstafað (ójafnað) eigið fé		25.382	(1.484.497)
Eigið fé		<u>16.677.536</u>	<u>15.446.233</u>
Skuldir			
Vaxtaberandi skuldir við móðurfélag	13	44.724.023	44.235.700
Aðrar vaxtaberandi langtímaskuldir	13	10.352.216	10.852.410
Tekjuskattsskuldbinding	14	2.486.444	2.331.443
Fyrirframinnheimtar tekjur		361.666	369.222
Niðurrifsskuldbinding		797.538	775.163
Langtímaskuldir		<u>58.721.887</u>	<u>58.563.938</u>
 Skuldir við móðurfélag	13	 523.023	 1.936.526
Næsta árs afborganir vaxtaberandi langtímaskulda	13	906.023	914.607
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir		1.247.183	746.811
Skammtímaskuldir		<u>2.676.229</u>	<u>3.597.944</u>
Skuldir samtals		<u>61.398.116</u>	<u>62.161.882</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>78.075.652</u>	<u>77.608.115</u>

Skýringar nr. 1 til 18 eru óaðskiljanlegur hluti þessa árshlutareiknings.

Eiginfjáryfirlit 1. janúar til 30. júní 2014

	Hlutafé	Endurmats- reikningur	(Ójafnað) óráðstafað eigið fé	Samtals
Breytingar á eigin fé 1. janúar til 30. júní 2013:				
Eigið fé 1. janúar 2013.....	5.902.733	11.593.238	(4.233.136)	13.262.835
Heildarhagnaður tímabilsins.....			1.487.934	1.487.934
Upplausn á endurmati rekstrarfjármuna.....		(276.191)	276.191	0
Eigið fé 30. júní 2013.....	<u>5.902.733</u>	<u>11.317.047</u>	<u>(2.469.011)</u>	<u>14.750.769</u>
Breytingar á eigin fé 1. janúar til 30. júní 2014:				
Eigið fé 1. janúar 2014.....	5.902.733	11.027.997	(1.484.497)	15.446.233
Heildarhagnaður tímabilsins.....			1.231.303	1.231.303
Upplausn á endurmati rekstrarfjármuna.....		(278.576)	278.576	0
Eigið fé 30. júní 2014.....	<u>5.902.733</u>	<u>10.749.421</u>	<u>25.382</u>	<u>16.677.536</u>

Skýringar nr. 1 til 18 eru óaðskiljanlegur hluti þessa árshlutareiknings.

Sjóðstreymisyfirlit 1. janúar til 30. júní 2014

	Skýr.	1.1.-30.6.2014	1.1.-30.6.2013
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarhagnaður		3.091.856	3.608.665
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi			
Söluhagnaður fastafjármuna		0	(298)
Afskriftir	8	1.354.063	1.241.053
Veltufé frá rekstri án fjármagnsliða		4.445.919	4.849.420
Rekstartengdar eignir, hækkun	(978.014)	(335.761)
Rekstartengdar skuldir, hækkun (lækkun)		17.423	(64.944)
Handbært fé frá rekstri án fjármagnsliða		3.485.328	4.448.715
Innborgaðar vaxtatekjur		94.885	107.526
Greidd vaxtagjöld og gengismunur	(1.967.776)	(1.842.142)
Handbært fé frá rekstri		1.612.437	2.714.099
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í flutningsvirkjum	11	(1.369.546)	(2.717.294)
Aðrar fjárfestingar	11,12	(611.463)	(282.888)
Söluverð rekstrarfjármuna		0	802
Markaðsverðbréf, breyting	(218.926)	0
Afborgun langtímakrafna		5.822	0
Fjárfestingarhreyfingar		(2.194.113)	(2.999.380)
Fjármögnunarhreyfingar			
Afborganir langtímalána		(452.426)	(460.785)
Fjármögnunarhreyfingar		(452.426)	(460.785)
Lækkun á handbæru fé	(1.034.102)	(746.066)
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	(164.982)	(349.170)
Handbært fé í ársbyrjun		9.917.204	10.309.772
Handbært fé í lok tímabilsins		8.718.120	9.214.536

Skýringar nr. 1 til 18 eru óaðskiljanlegur hluti þessa árshlutareiknings.

Skýringar

1. Félagið

Landsnet hf. er með lögheimili að Gylfaflöt 9, Reykjavík. Félagið er dótturfélag Landsvirkjunar og er árshlutareikningur Landsnets hf. hluti af samstæðureikningi Landsvirkjunar. Félagið var stofnað á árinu 2004 á grundvelli raforkulaga sem Alþingi samþykkti árið 2003. Hlutverk þess er að annast flutning raforku og kerfisstjórnun á Íslandi samkvæmt ákvæðum III. kafla raforkulaga, nr. 65/2003, og er því óheimilt að stunda aðra starfsemi en þá sem því er nauðsynleg til að geta rækt skyldur sínar samkvæmt raforkulögum.

2. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Árshlutareikningur félagsins er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Samandreginn árshlutareikningur Landsnets hf. inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa árshlutareikninginn í samhengi við ársreikning félagsins fyrir árið 2013. Ársreikningurinn er aðgengilegur á heimasíðu félagsins www.landsnet.is og á www.nasdaqomxnordic.com

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings félagsins fyrir árið 2013.

Árshlutareikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna nema annað sé tekið fram. Hann byggir á upphaflegu kostnaðarverði, að því undanskildu að flutningsnet félagsins er fært á endurmetnu virði.

Nýjir reikningsskilastaðlar

Félagið hefur innleitt alla reikningsskilastaðla og breytingar á reikningsskilastöðlum sem tóku gildi fyrir reikningsskilatímabili sem hófust 1. janúar 2014 og hafa verið samþykktar af Evrópusambandinu.

4. Mat og ákvarðanir

Gerð árshlutareiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að verða frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þessar eru endurskoðaðar reglulega. Áhrifin af breytingum eru færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

5. Tekjur af raforkuflutningi

	2014	2013
	1.1.-30.6.	1.1.-30.6.
Tekjur af flutningi raforku greinast þannig:		
Orkuflutningur	5.893.641	6.273.039
Flutningstap og kerfisþjónusta	926.340	652.734
Þjónustutekjur og jöfnunarorka	21.892	14.519
Innmötunargjald	47.061	44.708
Tekjur af raforkuflutningi samtals	<u>6.888.934</u>	<u>6.985.000</u>

6. Orkuflutningur

Orkuflutningur greinist þannig:

Orkuflutningur til stórnotenda	4.058.370	4.616.165
Orkuflutningur til dreifiveitna	1.835.271	1.656.874
Orkuflutningur samtals	<u>5.893.641</u>	<u>6.273.039</u>

7. Orkukaup og kerfisþjónusta

Orkukaup og kerfisþjónusta greinast þannig:

Orkukaup vegna flutningstapa	591.620	446.245
Kerfisþjónustukaup	308.858	298.612
Orkukaup og kerfisþjónusta samtals	<u>900.478</u>	<u>744.857</u>

Skýringar, frh.:

	2014	2013
8. Afskriftir		
Afskriftir greinast þannig:	1.1.-30.6.	1.1.-30.6.
Afskriftir rekstrarfjármuna, sbr. skýringu 11	1.346.473	1.232.842
Afskriftir og virðisrýmun óefnislegra eigna, sbr. skýringu 12	7.590	8.211
Afskriftir færðar í rekstrarreikning	<u>1.354.063</u>	<u>1.241.053</u>
Afskriftir skiptast þannig í rekstrarreikningi:		
Rekstur flutningskerfis	1.268.795	1.159.021
Kerfisstjórn	34.832	31.908
Annar rekstrarkostnaður	50.436	50.124
Afskriftir færðar í rekstrarreikning	<u>1.354.063</u>	<u>1.241.053</u>
9. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:		
Vaxtatekjur af bankareikningum	90.312	101.330
Tekjur af verðbréfaeign	4.573	6.196
Gengishagnaður	0	202.097
Fjármunatekjur samtals	<u>94.885</u>	<u>309.623</u>
Vaxtagjöld	(1.091.880)	(1.064.302)
Verðbætur	(546.699)	(1.109.162)
Gengistap	(44.145)	0
Áhrif núvirðingar niðurrifsskuldbindingar	(21.471)	(20.088)
Eignfærðir vextir vegna flutningsvirkja í byggingu	44.165	122.410
Fjármagnsgjöld samtals	<u>(1.660.030)</u>	<u>(2.071.142)</u>
Hrein fjármagnsgjöld	<u>(1.565.145)</u>	<u>(1.761.519)</u>
Eignfærður fjármagnskostnaður nam 5,8% á ársgrundvelli af bundnu fé í flutningsvirkjum í byggingu og undirbúningsverkefnum á tímabilinu. Um er að ræða meðaltals fjármagnskostnað félagsins á tímabilinu.		
10. Tekjuskattur		
Tekjuskattur færður í rekstrarreikning greinist þannig:		
Frestaður tekjuskattur tímabilsins	(155.001)	(369.429)
Tekjuskattur til greiðslu	(150.341)	0
Gjaldfærður tekjuskattur í rekstrarreikningi	<u>(305.342)</u>	<u>(369.429)</u>
Breyting reiknaðrar tekjuskattsskuldbindingar greinist þannig:		
Breyting á tímabundnum mismun	36.205	58.744
Breyting á yfirfæranlegu skattalegu tapi	(191.206)	(428.173)
Breyting tekjuskattsskuldbindingar	<u>(155.001)</u>	<u>(369.429)</u>
Afstemming á virku skatthlutfalli	1.1.-30.6.2014	1.1.-30.6.2013
Hagnaður fyrir tekjuskatt	1.536.645	1.857.363
Tekjuskattur skv. gildandi skatthlutfalli	20,0% (307.329)	20,0% (371.473)
Áhrif hlutdeildarfélagana	(0,1%) 1.987	(0,1%) 2.044
Virkur tekjuskattur	19,9% <u>(305.342)</u>	19,9% <u>(369.429)</u>

Skýringar, frh.:

11. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Tengivirki	Háspennu- línur	Aðrir fasta- fjármunir	Samtals
Kostnaðarverð				
Staða 1.1.2013	23.084.752	47.408.117	3.489.245	73.982.114
Viðbætur á árinu	500.107	175.437	311.121	986.665
Flutt af flutningsvirkjum í byggingu	3.564.171	2.532.923	0	6.097.094
Selt og aflagt	0	0	(5.672)	(5.672)
Staða 31.12.2013	27.149.030	50.116.477	3.794.694	81.060.201
Viðbætur á tímabilinu	413.949	55.874	345.950	815.773
Flutt af flutningsvirkjum í byggingu	238.468	105.521	0	343.989
Staða 30.6.2014	27.801.447	50.277.872	4.140.643	82.219.963
Afskriftir og virðisryrnun				
Staða 1.1.2013	4.774.360	9.699.091	883.247	15.356.698
Afskriftir ársins	797.613	1.533.159	178.949	2.509.721
Selt og aflagt	0	0	(3.840)	(3.840)
Staða 31.12.2013	5.571.973	11.232.250	1.058.356	17.862.579
Afskriftir tímabilsins	442.952	805.545	97.976	1.346.473
Staða 30.6.2014	6.014.925	12.037.795	1.156.332	19.209.052
Bókfært verð				
1.1.2013	18.310.392	37.709.026	2.605.998	58.625.416
31.12.2013	21.577.057	38.884.227	2.736.338	63.197.621
30.6.2014	21.786.522	38.240.077	2.984.311	63.010.910
Bókfært verð án endurmats				
1.1.2013	15.794.313	25.733.557	2.605.998	44.133.868
31.12.2013	19.182.702	27.493.585	2.736.338	49.412.625
30.6.2014	19.448.705	27.141.118	2.984.311	49.574.134

Endurmat fastafjármuna í rekstri

Í samræmi við heimild í alþjóðlegum reikningskilastaðli voru línur og tengivirki félagsins endurmetnar á árinu 2008.

Flutningsvirki í byggingu:

	2014 1.1.-30.6.	2013 1.1.-31.12.
Kostnaðarverð		
Staða 1.1.	1.086.550	1.769.671
Viðbætur á tímabilinu	822.647	5.364.675
Flutt af undirbúningskostnaði	69.402	49.298
Flutt á rekstrarfjármuni	(343.989)	(6.097.094)
Staða 30.6. / 31.12.	1.634.610	1.086.550

Skýringar, frh.:

12. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir greinast þannig:

	Undirbúnings- kostnaður	Hugbúnaður	Samtals
Kostnaðarverð			
Staða 1.1.2013	1.482.113	391.844	1.873.957
Viðbætur á árinu	118.607	35.655	154.262
Flutt á flutningsvirki í byggingu	(49.298)	0	(49.298)
Staða 31.12.2013	1.551.422	427.499	1.978.921
Viðbætur á tímabilinu	123.457	57.755	181.212
Flutt á flutningsvirki í byggingu	(69.402)	0	(69.402)
Staða 30.6.2014	1.605.477	485.254	2.090.731
Afskriftir og virðisrýrnun			
Staða 1.1.2013	220.489	277.238	497.727
Afskriftir og virðisrýrnun ársins	75.307	12.893	88.200
Staða 31.12.2013	295.796	290.131	585.927
Afskriftir tímabilsins	0	7.590	7.590
Staða 30.6.2014	295.796	297.721	593.517
Bókfært verð			
1.1.2013	1.261.624	114.606	1.376.230
31.12.2013	1.255.626	137.368	1.392.994
30.6.2014	1.309.681	187.533	1.497.214

13. Vaxtaberandi skuldir

Hér eru upplýsingar um samningsbundin lánskjör af lántökum félagsins, sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði.

	30.6.2014	31.12.2013
Langtímaskuldir		
Verðtryggt skuldabréfalán frá móðurfélagi í íslenskum krónum, fastir vextir	44.724.023	44.235.700
Lánasamningur í svissneskum frönskum (CHF), libor + álag	5.943.054	6.436.052
Verðtryggt skuldabréfalán í íslenskum krónum, fastir vextir	5.315.185	5.330.965
	55.982.262	56.002.717
Næsta árs afborgun langtímaskulda	(906.023)	(914.607)
Vaxtaberandi langtímaskuldir samtals	55.076.239	55.088.110

Vegnir meðalvextir félagsins eru 3,9% (2013: 3,8%).

Skammtímaskuldir

Skammtímaskuldir við móðurfélag eru áfallnir vextir vegna verðtryggðs skuldabréfaláns frá móðurfélagi. Í lok júní 2014 námu áfallnir vextir 523 millj. kr. (31.desember 2013: 1.448 millj. kr.)

Afborganir langtímalána greinast þannig á næstu ár:	30.6.2014	31.12.2013
1.7.2014 - 30.6.2015 / 1.1.2014 - 31.12.2014	906.023	914.607
1.7.2015 - 30.6.2016 / 1.1.2015 - 31.12.2015	914.282	922.577
1.7.2016 - 30.6.2017 / 1.1.2016 - 31.12.2016	922.959	930.950
1.7.2017 - 30.6.2018 / 1.1.2017 - 31.12.2017	932.076	939.747
1.7.2018 - 30.6.2019 / 1.1.2018 - 31.12.2018	941.654	948.989
Síðar	51.365.268	51.345.847
	55.982.262	56.002.717

Skýringar, frh.:

	2014	2013
	1.1.-30.6.	1.1.-31.12.
14. Tekjuskattskuldbinding		
Tekjuskattsskuldbinding félagsins greinist þannig:		
Tekjuskattsskuldbinding 1. janúar	2.331.443	1.791.932
Tekjuskattur tímabilsins færður í rekstrarreikning	155.001	539.511
Tekjuskattsskuldbinding í lok tímabilsins	<u>2.486.444</u>	<u>2.331.443</u>
Tekjuskattsskuldbinding greinist þannig í lok tímabilsins:		
Rekstrarfjármunir	2.518.514	2.609.784
Óefnislegar eignir	216.478	208.035
Aðrar eignir	17.800	0
Niðurrifsskuldbinding	(159.508)	(155.033)
Aðrar skuldbindingar	(79.061)	(86.162)
Óinnleystur gengismunur	(27.779)	(53.974)
Yfirfæranlegt skattalegt tap	0	(191.207)
Tekjuskattsskuldbinding í lok tímabilsins	<u>2.486.444</u>	<u>2.331.443</u>

15. Fjármálagæringar

Lausafjánhætta

Samningsbundnar greiðslur vegna fjárskulda, þar með taldar væntanlegar vaxtagreiðslur greinast þannig:

30. júní 2014

	Bókfært verð	Samnings- bundið sjóðstreymi	Innan 12 mánaða	1-2 ár	2-5 ár	Eftir 5 ár
Fjárskuldir sem ekki eru afleiður:						
Skuldir við móðurfélag ...	45.247.046	56.021.312	1.882.881	1.882.881	5.648.644	46.606.906
Langtímask. .	11.258.239	14.695.306	1.198.173	1.195.415	3.568.126	8.733.592
Viðskiptask. og aðrar skt.sk.	1.247.183	1.247.183	1.247.183	0	0	0
	<u>57.752.468</u>	<u>71.963.801</u>	<u>4.328.237</u>	<u>3.078.296</u>	<u>9.216.770</u>	<u>55.340.498</u>

31. desember 2013

	Bókfært verð	Samnings- bundið sjóðstreymi	Innan 12 mánaða	1-2 ár	2-5 ár	Eftir 5 ár
Fjárskuldir sem ekki eru afleiður:						
Skuldir við móðurfélag ...	45.684.173	57.271.961	1.862.323	1.862.323	5.586.969	47.960.346
Langtímask. .	11.767.017	15.144.891	1.239.031	1.225.321	3.698.011	8.982.528
Viðskiptask. og aðrar skt.sk.	1.234.864	1.234.864	1.234.864	0	0	0
	<u>58.686.054</u>	<u>73.651.716</u>	<u>4.336.218</u>	<u>3.087.644</u>	<u>9.284.980</u>	<u>56.942.874</u>

Skýringar, frh.:

15. Fjármálagæringar, frh.:

Gangvirði

Samanburður á gangvirði og bókfærðu verði

Gangvirði og bókfært verð fjáreigna og fjárskulda í efnahagsreikningi greinist þannig:

	30.6.2014		31.12.2013	
	Bókfært verð	Gangvirði	Bókfært verð	Gangvirði
Skuldir við móðurfélag, langtíma	(44.724.023)	(46.850.832)	(44.235.700)	(49.842.048)
Aðrar langtímaskuldir	(11.258.239)	(12.277.947)	(11.767.017)	(13.115.500)
	(55.982.262)	(59.128.779)	(56.002.717)	(62.957.548)

Vextir við mat á gangvirði

Við núvirðingu vænts sjóðstreymis eru notaðir vextir af ríkisskuldabréfum auk 0,4 prósentustiga álags á uppgjörssdegi.

16. Óvissa

Samkvæmt raforkulögum nr. 65/2003 skal Orkustofnun setja Landsneti hf. tekjumörk og skulu þau sett fyrirfram og fyrir tiltekið tímabil. Fyrst í stað voru þau einungis sett fyrir einstök ár og gildi það bæði fyrir árin 2005 og 2006. Á árinu 2006 voru félaginu í fyrsta sinn sett tekjumörk samkvæmt þágildandi lögum fyrir þriggja ára tímabil, árin 2007 – 2009. Tekjumörk fyrir árið 2010 voru ekki sett af Orkustofnun fyrr en í ágúst 2012 og einungis fyrir eitt ár vegna breytinga á raforkulögnum, sem tóku gildi í ársbyrjun 2011.

Með lögum nr. 19/2011 voru gerðar nokkrar breytingar á raforkulögnum er snéru að tekjumörkum og ná þær til setningar tekjumarka frá og með árinu 2011. Helstu breytingarnar voru að tekjumarkatímabilið var lengt úr þremur árum í fimm, arðsemi skyldi miðuð við veginn fjármagnskostnað í stað ávöxtunarkröfu fimm ára óverðtryggðra ríkisskuldabréfa, eignagrunni stórnotenda var breytt úr krónum í bandaríska dollara (USD), auk þess sem tekið var tillit til fjárbindingar vegna veltufjármuna. Samkvæmt gildandi raforkulögum skulu arðsemismörk ákvörðuð sérstaklega fyrir stórnotendur annars vegar og dreifiveitur hins vegar. Tekjumörk skulu sett eigi síðar en 15. september árið áður en ný tekjumörk taka gildi.

Orkustofnun birti 1. október 2012 ákvörðun um veginn fjármagnskostnað sem gilda skyldi frá 1. janúar 2011. Hagsmunaaðilar kærðu ákvörðun Orkustofnunar og ógilti úrskurðanefnd raforkumála ákvörðunina með úrskurði 2. desember 2013. Ógildingin byggði á því að frekari rök þyrfti við ákvörðun áhættu- og vaxtaálags. Samkvæmt úrskurðinum skal Orkumálastjóri birta nýja ákvörðun um arðsemisviðmið byggða á nýju áliti sérfræðinefndar. Slík ákvörðun hefur ekki verið birt.

Tekjumörk fyrir tímabilið 2011 – 2015 voru sett af Orkustofnun þann 28. júlí 2013 og byggð á nefndri ákvörðun um arðsemisviðmið sem nú hefur verið felld úr gildi.

Samkvæmt raforkulögum skulu eigi síðar en 1. ágúst ár hvert liggja fyrir uppfærð tekjumörk og uppgjör Orkustofnunar fyrir fyrra ár, sem og rökstuðningur fyrir breytingum ef einhverjar eru. Ágreiningur hefur verið á milli Orkustofnunar og Landsnets um uppgjör árána 2006 – 2009 vegna túlkunar ákvæða um arðsemisviðmið tekjumarka dreifiveitna, en ekki er ágreiningur um tekjumörk stórnotenda.

Landsnet hefur í tvisgang kært ákvörðun Orkustofnunar um uppgjör árána 2006 – 2009 til úrskurðanefndar raforkumála, sem hefur ógilt ákvarðanir Orkustofnunar og sent henni málið aftur til endurákvörðunar. Orkustofnun tók síðast ákvörðun um uppgjör umræddra ára þann 20. desember 2012, en sú ákvörðun var einnig kærð og felldi úrskurðarnefnd raforkumála hana úr gildi með úrskurði 6. júní 2014 og lagði fyrir Orkustofnun að taka nýja ákvörðun.

EKKI er ágreiningur um uppgjör fyrir árin 2010 – 2012, en óvissa er um endanleg uppgjör árána 2011 – 2012 þar til ákvörðun um veginn fjármagnskostnað liggur endanlega fyrir. Sama gildir um uppgjör fyrir árið 2013. Framangreint veldur nokkurri óvissu um afkomumælingu og fjárhagsstöðu félagsins.

Stórnotendur

Frá árinu 2005 og fram í ágúst 2007 voru tekjur og tekjumörk Landsnets fyrir stórnotendur í íslenskum krónum. Í ágúst 2007 var gjaldskrá stórnotenda færð yfir í bandaríkjadali (USD) að fengnu samþykki Orkustofnunar, án þess að tekjumörkum væri breytt til samræmis.

Skýringar, frh.:

16. Óvissa frh.:

Í kjölfar gengisfalls íslensku krónunnar á árinu 2008 jukust tekjur Landsnets vegna stórnotenda verulega í íslenskum krónum. Stjórnvöld sýndu vilja til að takast á við þann vanda sem þetta olli vegna tekjumarkanna og breyta lögum þannig að tekjumörk fyrir stórnotendur yrðu sett í sama gjaldmiðli og gjaldskráin. Með lögum nr. 19/2011, um breytingu á raforkulögum, var eignagrunni sem grundvallar arðsemi og afskriftir í tekjumörkum stórnotenda breytt yfir í bandaríkjadali miðað við 31. júlí 2007 og þannig myndað jafnvægi á milli tekjumarka og gjaldskrár. Landsnet hefur frá árinu 2011 safnað inneign vegna stórnotenda og gera áætlanir félagsins ráð fyrir að skuldbindingar vegna oftekinna tekna fyrri ára hafi verið jafnaðar í samræmi við ákvæði laga.

Dreifiveitur

Í lok júní 2014 er óleystur ágreiningur á milli Landsnets og Orkustofnunar um arðsemi sem nota skal við ákvörðun tekjumarka fyrir dreifiveitur á árunum 2006 – 2009 og hvernig túlka skuli bráðabirgðaákvæði raforkulaga þar um. Niðurstaða liggur ekki fyrir og því er ekki ljóst hver staða tekjumarka dreifiveitna er vegna þessa tímabils. Samkvæmt útreikningum Landsnets getur fjárhæð skuldbindingar vegna oftekinna tekna verið frá 0,1 milljarði kr. og allt að 1,5 milljarði kr.

Vegna ákvarðana Orkustofnunar hafði Landsnet höfðað mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur til að fá úr því skorið hvernig skýra ber umrætt bráðabirgðaákvæði raforkulaga sem gildir fyrir árin 2006 – 2009, en það mál er enn þá í bið.

Ákvæði laga um endurgreiðslu

Samkvæmt bráðabirgðaákvæði í lögum nr. 19/2011, um breytingu á raforkulögum, er kveðið á um að hafi flutningsfyrirtækið oftekið tekjur vegna fyrri ára skuli félagið setja gjaldskrá sína þannig að ofteknar tekjur nemi ekki meira en 10% af tekjumörkum í árslok 2020. Ekki er gert ráð fyrir að ofteknar tekjur séu vaxtareiknaðar eða verðbættar.

Ákvæði laganna gera hvorki kröfu til Landsnets um að afhenda reiðufé eða aðrar eignir vegna oftekinna tekna né kröfu um að félagið afhendi viðbótarþjónustu án endurgjalds. Landsnet byggir gjaldskrárákvarðanir sínar á tekjumörkum að teknu tilliti til endurgreiðsluákvæðisins.

Á grundvelli ákvæða laga og alþjóðlegra reikningssskilastaðla er ekki færð í árshlutareikninginn skuldbinding vegna oftekinna tekna árána 2006 – 2012.

17. Tengdir aðilar

Skilgreining tengdra aðila

Hluthafar, móðurfélag, dótturfélag, hlutdeildarfélag, stjórnarmenn, stjórnendur og félög í þeirra í eigu teljast vera tengdir aðilar félagsins.

Viðskipti við tengda aðila

	1.1.-30.6.2014	1.1.-30.6.2013
Sala á vöru og þjónustu:		
Móðurfélag Landsnets og dótturfélög þess	3.549.602	3.928.687
Aðrir hluthafar	2.331.017	2.298.202
Sala á vöru og þjónustu til tengdra aðila samtals	5.880.619	6.226.889
Kaup á vörum og þjónustu:		
Móðurfélag Landsnets og dótturfélög þess	781.799	768.390
Aðrir hluthafar	206.565	220.171
Kaup á vörum og þjónustu frá tengdum aðilum samtals	988.364	988.561

Auk kaupa á vörum og þjónustu greiddi félagið móðurfélagi sínu vaxtagjöld af lántökum að fjárhæð 1.859 millj. kr. (30.6.2013: 1.802 millj. kr.)

Skýringar, frh.:

17. Tengdir aðilar, frh.:

Staða

Viðskiptakröfur og viðskiptaskuldir við tengda aðila greinast þannig:

	30.6.2014		31.12.2013	
	Kröfur	Skuldir	Kröfur	Skuldir
Móðurfélag Landsnets og dótturfélög þess	638.985	0	0 (488.053)
Aðrir hluthafar	389.140	0	398.764 (14.252)
Samtals	1.028.125	0	398.764 (502.305)

Aðrar kröfur og skuldir við tengda aðila greinast þannig:

	30.6.2014	31.12.2013
Vaxtaberandi skuldir við móðurfélag, sbr. skýringu 13	44.724.023	44.235.700
Áfallnir vextir við móðurfélag	523.023	1.448.473
Samtals	45.247.046	45.684.173

18. Kennitölur

Helstu kennitölur félagsins:

Rekstur:	1.1.-30.6.2014	1.1.-30.6.2013
Rekstrarhagnaður (EBIT)	3.091.857	3.608.665
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA)	4.445.920	4.849.718
Efnahagur:	30.6.2014	31.12.2013
Veltufjárhlutfall - veltufjármunir/skammtímaskuldir	4,20	3,12
Eiginfjárhlutfall - eigið fé/heildarfjármagn	21,4%	19,9%
Arðsemi eigin fjár á ársgrundvelli	15,9%	16,5%